

2010

Ársskýrsla VR 2009 – 2010

Virðing
Réttlæti

VR


Félagið í hnotskurn	04
Almenn starfsemi og þjónusta	04
Fjöldi félagsmanna	04
Lykiltölur VR 2009	04
Stjórn VR starfsárið 2009 - 2010	04
Kjaramál	05
Kjara- og innheimtumál	05
Dómsmál	05
Kjarasamningar	06
Endurskoðun kjarasamnings við SA	06
Endurskoðun kjarasamnings við Félag atvinnurekenda	06
Aðrir kjarasamningar	06
Heilbrigðismál	07
Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði	07
Virk starfsendurhæfingarsjóður	07
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs	07
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2009 – 2010	07
Orlofsmál	08
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2009	08
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2009 – 2010	08
Ályktanir stjórnar, fundir	09
Ályktanir stjórnar	09
Innlendir fundir	09
Önnur starfsemi	10
VR varasjóður	10
Rannsóknir og kannanir	10
Jafnréttismál	10
Erlend samskipti	10
Fræðsla	11
Stjórnir fræðslumála starfsárið 2009 - 2010	11
Atvinnuleysi	11
Samstarf við Samtök verslunar og þjónustu	11
Almennar upplýsingar	12
Allsherjaratkvæðagreiðsla	12
Breyting á lögum félagsins	12
Breyting á skipan varaformanns stjórnar VR	12
Breytingar á fulltrúum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	12
Félagsmál	12
VR á Egilsstöðum flytur	12
Félagatal	13
Aðild VR að stofnunum	13
Félagsgjald	13
Útgáfu- og kynningarmál	13
Starfsemi þjónustuvers	13
Skipulag skrifstofu	13
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2010	14
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2009	14
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	15
Ársreikningur 2009	16
Áritanir	16
Rekstrarreikningur 2009	17
Efnahagsreikningur 31. desember 2009	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009	20
Rekstrarreikningur ársins 2009	21
Efnahagsreikningur 31. desember 2009	22
Skýringar	23

Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

	Fjöldi félagsmanna / umsókna	
	2009	2008
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.623	1.680
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, umsóknir	6.375	5.317
Styrkir úr varasjóði	11.799	10.673
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.016	1.033
Orlofshús og tjaldvagnar	3.163	2.717
Samtals	23.976	21.420

Fjöldi félagsmanna



Lykiltölur VR 2009

Félagsgjöld	634.014.621
Sjúkrasjóðsiðgjöld	872.158.870
Orlofssjóðsiðgjöld	210.846.679
Leiga orlofshúsa	56.802.989
Aðrar tekjur	27.645.333
Samtals tekjur	1.801.468.492
Bætur og styrkir	667.338.138
Greiðsla úr varasjóði	353.083.179
Rekstrargjöld	814.968.289
Samtals gjöld, bætur og styrkir	1.835.389.606
Fjármagnsliðir	375.169.911
Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar	341.248.797

Stjórn VR starfsárið 2009 - 2010

Kristinn Örn Jóhannesson formaður


Bjarki Steingrímsson, varaformaður frá 29.04.2009 til 16.12.2009

Ásta Rut Jónasdóttir, varaformaður frá 16.12.2009

Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari

Ágúst Guðbjartsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir og Steinar J. Kristjánsson.

Varamenn: Hólmfriður Björg Petersen, Sigríður Stefánsdóttir og Þorlákur Jóhannsson.



Kjara- og innheimtumál

Starfsemi kjarasviðs félagsins á fyrri hluta árs 2009 var sambærileg við árið 2008 en það ár var mjög annasamt, sérstaklega síðari hlutinn. Í kjölfar hruns bankakerfisins haustið 2008 voru miklar uppsagnir og órói á vinnumarkaði. Mörg fyrirtæki brugðu á það ráð að lækka laun starfsmanna eða starfshlutfall vegna erfiðleika í rekstri. Kaupmáttur launa lækkaði og atvinnuleysi jókst þar sem fjölmörg fyrirtæki fóru í prot. Um þetta hefur verið rætt og ritað allar götur síðan. Þessi þróun hélt áfram með sambærilegum hætti á fyrri hluta árs 2009 en eftir mitt ár virtist meira jafnvægi komast á en áður á vinnumarkaði, þó vissulega séu tölur um mál sem komu til kasta félagsins í hærri kantinum miðað við eðlilegt árferði. Innkomin mál voru 1.680 vegna ársins 2008 og 1.623 vegna ársins 2009. Ef tímabilið frá 1. júlí 2008 – 30. júní 2009 er skoðað sérstaklega kemur í ljós að innkomin mál voru 1.965, sem er mesti fjöldi innkominna mála til félagsins á 12 mánaða tímabili.

Á ársgrundvelli fækkaði því málum á kjarasviði milli ára lítilega, en ef fyrri hluti árs og sá síðari eru bornir saman má sjá að á fyrri helmingnum (frá 1. janúar – 30. júní 2009) eru málin 969 talsins en 654 á síðari helmingi ársins. Þetta er þvert á þróun ársins 2008 en þá voru málin færri á fyrri hluta ársins samanborið við þann seinni. Þetta bendir til þess að vinnumarkaðurinn sé að leita jafnvægis á nýjan leik. Um áramótin 2009/2010 voru 211 mál í vinnslu á kjarasviði, þar af 152 hjá lögmanni félagsins. Á þessum tímarpunkti var 1 mál óleyst vegna ársins 2006, 4 mál óleyst vegna ársins 2007, 44 vegna ársins 2008 og 162 vegna ársins 2009.

Mikið verk er framundan á vettvangi kjarasamninga því samningar eru lausir í lok árs 2010. Það er mjög nauðsynlegt að þar náist niðurstaða sem geri öllum kleift að líta til framtíðar á íslenskum vinnumarkaði. Til að svo megi verða þarf að tryggja fjölgun starfa og snúa við þróun kaupmáttar.

Dómsmál

Fjöldi mála fór fyrir dómstóla á starfsárinu, en rétt er að minnast á nokkur þeirra hér. Sagt er frá öllum dómum á heimasíðu VR. Sumarið 2009 fóru fimm mál fyrir dómstóla. Í því fyrsta var deilt um launahækkanir og önnur samningsbundin ákvæði en ráðningarsamningur lá ekki fyrir. Skv. dómi bar vinnuveitandi hallann af því að hafa ekki gert skriflegan ráðningarsamning. Samskonar niðurstaða fékkst í öðru máli undir lok sumars en þá var deilt um greiðslur fyrir yfirvinnu. Dómurinn féllst á rök félagsmannsins um að um föst yfirvinna væri hluti ráðningarkjara. Í máli fyrir héraðsdómi í júlí var fyrirtæki dæmt til að greiða félagsmanni laun í uppsagnarfresti auk miskabóta vegna rangra ásákana um auðgunarbrot. Rannsókn lögreglu leiddi ekki í ljós að félagsmaðurinn hafi verið sekur um brot og taldi dómurinn fyrirvaralaus uppsögn tilefnislaus.

Undir lok árs 2009 fór mál fyrir dómstóla sem varðaði laun í uppsagnarfresti en vinnuframlagi félagsmanns var hafnað einhliða. Orð stóð gegn orði varðandi ásakanir um samskiptaörðugleika og taldi dómurinn að vinnuveitandinn hafi ekki lagt fram gögn sem bendi til annars en að félagsmaðurinn hafi átt að fá laun í uppsagnarfresti. Í máli í upphafi árs 2010 fór mál fyrir dóm þar sem deilt var um hvort umsamin laun hafi verið jafnaðarlaun eða dagvinnulaun. Félagsmaður VR hélt því fram að hann hafi ekki fengið greitt í samræmi við vinnuframlag sitt og studdi dómurinn málstað hans. Tvö mál komu til kasta dómstóla í febrúar 2010 varðandi uppsögn. Í fyrra málinu hélt vinnuveitandi því fram að samið hafi verið um starfslok með viku uppsagnarfresti í stað þriggja mánaða eins og segir í kjarasamningi. Dómurinn hafnaði því, starfstími félagsmannsins hafi verið óljós og vinnuveitandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi haft rétt til að vísa félagsmanninum fyrirvaralaust úr starfi. Í seinna málinu var fjallað um fyrirvaralaus uppsögn sem vinnuveitandi bar að hafi komið til vegna alvarlegra mistaka félagsmannsins í starfi. Deilur snerust m.a. um kaupréttarsamning félagsmannsins og hvernig uppsögn bar að sem dómurinn taldi hafa verið andstætt góðum venjum í samskiptum vinnuveitanda og starfsmanna. Það þótti jafnframt ósannað að félagsmaðurinn hafi brotið af sér í starfi í skilningi ákvæða í kaupréttarsamningi aðila.

Kjarasamningar

Endurskoðun kjarasamnings við SA

Þann 25. júní 2009 var undirritaður stöðugleikasáttmáli milli ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins og var markmið hans að stuðla að endurreisn íslensks efnahagslífs. Samhliða gerð sáttmálans var undirritað samkomulag um breytingar á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem m.a. gerði ráð fyrir tvískiptingu umsamdra launahækkana og frestun á endurskoðun samninga til loka október 2009. Tvisýnt var um endurskoðun kjarasamninga undir lok þess mánaðar í ljósi óvissu með áframhaldandi framkvæmd stöðugleikasáttmálans en ljóst var þann 28. október að samningar myndu halda og gilda þeir út nóvember árið 2010.

Breytingar á kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins fela í sér eftirfarandi:

- **Hækkun lægstu launa**

Helmingur umsamdra hækkana almennra kaupaxta kom til greiðslu þann 1. júlí 2009 en hinn helmingurinn 1. nóvember 2009. Launataxtar afgangslúfólks hækkuðu þannig um kr. 6.750 í hvort skipti en launataxtar skrifstofufólks um kr. 8.750 í hvort skipti.

- **Launaþróunartrygging**

Laun yfir töxtum hækkuðu um 3,5% frá og með 1. nóvember, að frádregnum launahækkunum á viðmiðunartímabilinu frá 1. janúar til 1. nóvember 2009.

- **Almenn launahækkun**

Laun hækka almennt um 2,5% þann 1. júní 2010.

Endurskoðun kjarasamnings við Félag atvinnurekenda (áður FÍS)

Kjarasamningur VR og FA (áður FÍS) var framlengdur til loka nóvember árið 2010.

Breytingar á kjarasamningi við Félag atvinnurekenda fela í sér eftirfarandi:

- **Lágmarkstaxti**

Lágmarkstaxti er kr. 179.500 frá og með 1. nóvember 2009.

- **Launaþróunartrygging**

Laun yfir töxtum hækkuðu um 3,5% frá og með 1. nóvember, að frádregnum launahækkunum á viðmiðunartímabilinu frá 1. janúar til 1. nóvember 2009.

- **Almenn launahækkun**

Laun hækka almennt um 2,5% þann 1. júní 2010. Lágmarkslaun verða þá kr. 190.000.

Aðrir samningar

Í apríl 2010 var undirritaður samningur við Norðurál og er launaliður fyrirtækisins nú á svipuðum nótum og annarra álverksmiðja á landinu.

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði VR

Varðandi tekjur árið 2009 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

	Fjöldi	Upphæð kr.
Sjúkra- og slysdagpeningar samtals	749	602.857.018
<small>(2008, samtals fjöldi 825, kr. 519.896.538)</small>		

	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur samtals	84	33.992.087
<small>(2008, fjöldi bótaþega 72, kr. 35.355.929)</small>		

	Fjöldi	Upphæð kr.
Örorkubætur samtals	14	12.600.672
<small>(2008, fjöldi bótaþega 6, kr. 9.049.541)</small>		

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur til félagsmanna 2009 samtals	847	649.449.777
<small>(2008, fjöldi bóta- og styrkþega 903, kr. 564.302.008)</small>		

	Fjöldi	Upphæð kr.
Styrkir til sjóðfélaga	169	17.888.361
<small>(2008, fjöldi styrkþega 130, kr. 14.009.654)</small>		

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2009 samtals	1.016	667.338.138
<small>(2008, fjöldi bóta- og styrkþega 1.033, kr. 578.311.662)</small>		

	Upphæð kr.
Að auki styrkir til stofnana og félagsamtaka 2009	9.511.888
<small>(2008, kr. 7.196.181)</small>	

Virk starfsendurhæfingarsjóður

Frá árinu 2007 hefur VR boðið félagsmönnum sem sækja um sjúkradagpeninga hjá félaginu ráðgjöf og stuðning til að auðvelda þeim að snúa aftur til vinnu eftir veikindi eða slys. VR var fyrst stéttarfélag til að bjóða slík úrræði en í kjarasamningum árið 2008 var þessi hugmynd tekin upp. Um mitt ár 2009 hóf Virk starfsendurhæfingarsjóður samstarf við stéttarfélag og atvinnurekendur og eru ráðgjafar starfsendurhæfingarsjóðs félagsmönnum VR til aðstoðar á skrifstofum félagsins. Á árinu 2009 þáðu 68 félagsmenn ráðgjöf og aðstoð hjá ráðgjöfum VR og ráðgjöfum Virk. Af þeim hafa 29 snúið aftur á vinnumarkaðinn. Þrír ráðgjafar á vegum Virk starfa á skrifstofum VR.

Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs

Á aðalfundi 2. apríl 2009 var samþykkt breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR þar sem kveðið er á um að almennt sé það skilyrði styrkja og sjúkradagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2009 – 2010

Stefanía Magnúsdóttir formaður

Ágúst Guðbjartsson, Bergur Þór Steingrímsson, Jón Magnússon og Lykke Bjerre Larsen

Varamenn: Ásta Rut Jónasdóttir og Þorlákur Jóhannsson

Orlofsmál

Á árinu 2009 voru 38 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna og 17 orlofshús. Útleigur ársins 2009 voru 3.163 samanborið við 2.717 árið 2008. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2009

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur*
Akureyri (7)	1.644	85%	54%
Einarsstaðir (6)**	467	97%	
Flúðir (3)	639	92%	48%
Húsafell (3)	613	92%	45%
Ljósheimar, Reykjavík (1)	442	65%	59%
Miðhúsaskógur (20)	3.943	95%	41%
Ölfusborgir (1)**	20	95%	

Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2009 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur
Blönduós (2)	152	90%	
Hrísey (1)	77	100%	
Illugastaðir (1)	63	100%	
Meðalfellsvatn (1)	84	100%	
Minni-Borg (2)	438	93%	50%
Ólafsfjörður (1)	77	91%	
Stykkishólmur raðhús (3)	593	96%	41%
Súðavík (1)	77	91%	
Vaðlaborgir (1)	84	100%	
Tjaldvagnar (25)	1.248	85%	
Samtals gistinguætur	10.661		

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

** Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna yfir veturinn.

Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2009 – 2010

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Óskar Kristjánsson og Steinar J. Kristjánsson

Varamenn: Hólmfríður Petersen og Ragnar Þór Ingólfsson

Ályktanir stjórnar, fundir

Ályktanir stjórnar starfsárið 2009 - 2010

Í október 2009 samþykkti stjórn VR ályktun þar sem mótmælt var þeim fyrirætlunum stjórnvalda að ætla ekki að standa við hækkun persónuafsláttar. Stjórnin skoraði á ríkisstjórn og alþingi að leiðrétta óréttlæti fyrri stjórna, hækka skattleysismörk og hækka skattprósentuna á móti.

Í sama mánuði sendu stjórnir VR og FÍS frá sér sameiginlega áskorun um tafarlausa úrlausn Icesave málsins, málið hafi dregist mjög á langinn, haldi öðrum brýnum úrlausnarefnum í efnahagsmálum í gíslingu og ógni stöðugleika á vinnumarkaði.

Í nóvember sendi stjórn frá sér mótmæli vegna hugmynda stjórnvalda að skerða atvinnuleysisbætur ungs fólks.

Í nóvember mótmælti stjórnin frekari skerðingu réttinda í fæðingarorlofi, það vegi freklega að réttindum fjölskyldna í landinu.

Undir lok janúar 2010 sendi meirihluti stjórnar frá sér ályktun þar sem harmað var að nokkrir stjórnarmenn í félaginu tengdust samtökunum Nýtt Ísland sem stofnuð voru í tengslum við kosningar 2009 en virðast nú beina kröftum sínum að því að brjóta félagið niður, eins og segir í ályktuninni.

Þá sendi meirihluti stjórnar VR frá sér ályktun í sama mánuði vegna áskorunar frá þremur stjórnarmönnum sem höfðu gert kröfu um að greidd yrðu atkvæði um hana. Því var vísað frá. Bæði ályktunin og svör stjórnar við einstökum liðum hennar eru birt á heimasíðu VR, www.vr.is.

Í mars fór fram athugun endurskoðenda á notkun starfsmanna á greiðslukortun félagsins þrjú ár aftur í tímann að ósk formanns VR í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um hana. Meirihluti stjórnar sendi að henni lokinni frá sér ályktun þar sem niðurstöðunum var fagnað, þær staðfesti að fjármál félagsins séu í öruggum höndum.

Í apríl 2010 sendi stjórn frá sér ályktun þar sem hún harmar þá öfugsnúnu þróun sem átt hefur sér stað varðandi opnunartíma verslana undanfarin ár og verslunareigendur hvattir til að virða frídaga starfsmanna, m.a. 1. maí.

Innlendir fundir starfsárið 2009 - 2010

Stjórn VR fundaði 25 sinnum á starfsárinu og 4 fundir voru haldnir í **trúnaðarráði**.

Á Nýársfundi VR 2010 sem haldinn var 28. janúar var gengið frá framboði trúnaðarráðs og trúnaðarmanna til fjögurra sæta í stjórn og 82 sæta í trúnaðarráð VR fyrir næsta kjörtímabil. Ekki náðist lágmarkspáttaka á fundinn, eins og kveðið er á um í lögum VR, til að greiða atkvæði milli frambjóðenda í einstaklingskjöri til stjórnar, þ.e. til sæta þriggja aðalmanna og þriggja varamanna, og var því eftir til kosninga meðal trúnaðarmanna og trúnaðarráðs. Niðurstöður þeirra voru eftirfarandi: Ingibjörg Óskarsdóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir og Hildur Mósesdóttir náðu kjöri sem aðalmenn og Birgir Már Guðmundsson, Benedikt Vilhjálmsson og Bjarni Þór Sigurðsson sem varamenn. Auglýst var eftir mótframboðum í fjölmiðlum og á vef VR og bárust tvö mótframboð í sæti aðalmanna í stjórn og einn framboðslisti auk lista trúnaðarráðs og trúnaðarmanna. Sjá nánar á bls. 12 um allsherjarkosningar sem fram fóru í félaginu í mars 2010.

Uppstillinganefnd fundaði 4 sinnum fyrir Nýársfundinn. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og bárust 16 framboð til stjórnar og 92 framboð til trúnaðarráðs.

Þrjú **félagsfundir** voru haldnir á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn 4. júní og fjallaði um endurskoðun kjarasamninga, samskipti VR og ASÍ, jafnréttisstefnu VR og stöðu efnahagsmála. Um 150 manns sátu fundinn. Undir lok nóvember 2009 var haldinn upplýsinga- og umræðufundur þar sem m.a. var farið yfir samninga og stöðugleikasáttmálann, skipulag launþegahreyfingarinnar og stefnumótun VR. Í lok fundar sat stjórn fyrir svörum. Fundinn sátu innan við eitt hundrað félagsmenn. Þriðji fundurinn var haldinn í mars í tengslum við allsherjarkvæðagreiðslu í félaginu til stjórnar og trúnaðarráðs. Félagsmenn sem ekki áttu tæk á að mæta á fundinn gátu fylgst með beinni útsendingu af fundinum á netinu og á skrifstofum VR í Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum. Á fundinum kynntu frambjóðendur til stjórnar og fulltrúar framboðslista sig og stefnumál sín en allsherjarkvæðagreiðsla fór fram dagana 15. til 29. mars. Á annað hundrað manns fylgdust með fundinum á einn eða annan hátt. Sjá nánar um atkvæðagreiðsluna á bls. 12.

Úrskurðarnefnd VR hélt 36 fundi á árinu 2009 og úrskurðaði um 15 kærur félagsmanna. Verkefni nefndarinnar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.

Ársfund Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var dagana 22. og 23. október 2009, sat 71 fulltrúi frá VR. Yfirskrift fundarins var **Byggjum réttlátt þjóðfélag** þar sem áhersla var lögð á hag heimilanna, efnahags- og kjaramál og atvinnumál og samfélagslega ábyrgð.


VR og **Félag atvinnurekenda** (áður FÍS) stóðu fyrir **fundi um skattamál og breytta hegðun neytenda** á samdráttartímum í desember 2009. Á fundinum voru kynntar niðurstöður könnunar um neysluhegðun landsmanna.

Önnur starfsemi

VR varasjóður

Á aðalfundi þann 2. apríl 2009 var samþykkt tillaga um framlag í VR varasjóð að upphæð um 450 milljónir króna. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2009 námu kr. 353.083.179 og fengu 11.799 félagsmenn greiðslur. Langstærstur hluti fór til forvarna eða 36% (til forvarna teljast m.a. styrkir til líkamsræktar). Árið 2008 fengu 10.673 félagsmenn greiðslur úr sjóðnum og nam heildarupphæðin kr. 338.370.616. Hér að neðan má sjá skiptingu á greiðslum úr VR varasjóði árið 2009.

Greiðslur úr VR varasjóði



Rannsóknir og kannanir

Fyrirtæki ársins

Kraftvélur og **Microsoft Íslandi** voru valin Fyrirtæki ársins 2009 í könnun VR, það fyrrnefnda í hópi stærri fyrirtækja en það síðarnefnda í hópi minni fyrirtækja. Tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2009. Þrátt fyrir erfitt árferði á vinnumarkaði benda niðurstöður í könnuninni til þess að samheldni sé mikil og samskipti stjórnenda og annarra starfsmanna séu almennt góð.

Launakönnun

Grunnlaun félagsmanna hækkuðu um 4% og heildarlaun um 1% á milli árána 2008 og 2009 samkvæmt launakönnun félagsins fyrir árið 2009 en niðurstöður hennar voru kynntar í september. Afgreiðslufólk á kassa hækkaði mest.

Jafnréttismál

VR hefur undanfarin ár lagt áherslu á berjast gegn launamun kynjanna og hefur sú barátta skilað áþreifanlegum árangri. Launamunurinn hélt áfram að dragast saman á milli ára samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR 2009. Kynbundinn launamunur var 10,1% árið 2009 samanborið við 12,3% árið 2008. Munur á heildarlaunum var 14,7% í fyrra en 16,7% árið 2008. Kynbundinn launamunur var 15,3% árið 2000 og hefur því minnkað um þriðjung á áratug.

Erlend samskipti

Höfuðborgarráðstefnan var haldin í júní árið 2009 en það er samstarfsvettvangur fulltrúa verslunarmannafélaga í höfuðborgum Norðulanda. Þrjú fulltrúar frá VR sóttu ráðstefnuna. Í ár var helsta umfjöllunarefnið áhrif dómsniðurstöðu Evrópudómstólsins og Lissabon sáttmálans á réttindi á norrænum vinnumarkaði.

Fræðsla

Alls bauð VR félagsmönnum sínum upp á 25 fyrirlestra á starfsárinu 2009 – 2010 og sóttu þá um 1.500 félagsmenn. Félagsmenn á Akranesi, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum gátu fylgst með fundunum í gegnum fjárfundabúnað. Þá sóttu tæplega 2.300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Starfsmenntastyrkir

Á árinu 2009 voru greiddar rúmar 155 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 126 milljónir árið 2008. Alls bárust 6.375 umsóknir um styrk árið 2009 frá 4.220 einstaklingum samanborið við 5.317 umsóknir frá 3.598 einstaklingum árið 2008.

Stjórnir fræðslumála starfsárið 2009 - 2010

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefanía Magnúsdóttir formaður (VR)

Sigurður Jónsson varaformaður (SA)

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Guðrún Erlingsdóttir (LÍV), Anna Rós Ívarsdóttir (SA) og Svanur Valgeirsson (SA)

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður (LÍV)

Kristján Einarsson (FÍS), Skúli Björnsson (FÍS) og Stefanía Magnúsdóttir (VR)

Atvinnuleysi

Fjöldi skráðra VR félaga á atvinnuleysisbótum árið 2009 var 2.439, konur voru 1503 og karlar 936.

Úrræði fyrir atvinnulausa félagsmenn

VR lagði áherslu á öfluga þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sína á starfsárinu. bæði hvað varðar valkosti í námi og hreyfingu og beina aðstoð. Félagið átti í samstarfi við fjölda aðila og bauð upp á alls 42 námskeið og fyrirlestra sem 642 félagsmenn sóttu. Félagið greiddi einnig niður líkamsrættarkort fyrir atvinnuleitendur, alls 1.113 kort. Lögfræðingur aðstoðaði atvinnulausa félagsmenn í greiðsluvanda og sérfræðingar á vegum VR sem og sálfræðingur, vinnumarkaðsfræðingur og starfs- og námsráðgjafi veittu einstaklingsbundna ráðgjöf. Þá bauð félagið börnum atvinnulausra félagsmanna á leikjanámskeið og sumarbúðir sumarið 2009. Útilegu- og veiðkort stóðu atvinnulausum félagsmönnum til boða þeim að kostnaðarlausu og þekktust það boð um 300 félagsmenn.

Samstarf við Samtök verslunar og þjónustu

VR og Samtök verslunar og þjónustu efndu til Viku verslunar í mars 2010 undir fyrirsögninni **Spilum saman – Þjóðaráttak í allra þágu** þar sem vakinn var athygli á mikilvægi verslunar og þjónustu.

Almennar upplýsingar

Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Allsherjaratkvæðagreiðsla fór fram í VR dagana 15. mars til 29. mars 2010. Kosið var milli fimm frambjóðenda í einstaklingskjöri til þriggja sæta aðalmanna í stjórn og milli tveggja lista sem hvor bauð fram til fjögurra sæta aðalmanna í stjórn og 82 sæta í trúnaðarráði. Niðurstaðan var sem hér segir:

- Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (83,8% greiddra atkvæða), Guðrún Helga Tómasdóttir (81,3% greiddra atkvæða) og Hildur Mósesdóttir (80,7% greiddra atkvæða) fengu flest atkvæði í einstaklingskosningu til stjórnar og eru réttkjörnar skv. 20 gr. laga VR.
- A listi sameinaðs VR, listi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna fékk 72,3% greiddra atkvæða en L listi Opins lýðræðis í VR fékk 27,7% greiddra atkvæða og telst A listi réttkjörinn skv. 20 gr. laga VR. Stjórnarmenn á A lista eru Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Sigríður Stefánsdóttir og Sigurður Sigfússon.

Atkvæði greiddu 2.102 en á kjörskrá voru 27.879. Kosningabáttaka var því 7,54%. Ekki var kosið í allsherjarkosningu um varamenn til stjórnar og eru Birgir Már Guðmundsson, Benedikt Vilhjálmsson og Bjarni Þór Sigurðsson réttkjörir sem varamenn. Hægt er að sjá niðurstöðurnar í heild og lista trúnaðarráðs á heimasíðu VR, www.vr.is.

Breyting á lögum félagsins

Tvær breytingar voru samþykktar á lögum félagsins á aðalfundi þann 2. apríl 2009. Sú fyrri kom til vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Austurlands og er breyting á 1. grein laganna um félagasvæði VR. Seinni breytingin er breyting á grein 26 um sjóði félagsins og þrengir heimildir ávöxtunar þeirra.

Breyting á skipan varaformanns stjórnar VR

Í desember 2009 samþykkti stjórn vantrauststillögu á Bjarka Steingrímsson, þáverandi varaformann stjórnar. Ástæðurnar voru trúnaðarbrestur og samskiptaörðugleikar. Ásta Rut Jónasdóttir var kosin nýr varaformaður.

Breyting á fulltrúum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Í maí 2009 óskaði stjórn VR eftir því að breytingar yrðu gerðar á skipan fulltrúa félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Var þessi ósk gerð í ljósi niðurstaðna í kosningnum vorið 2009 og breytinga sem gerðar voru á stjórn VR í kjölfarið. Stjórnin tilnefndi Ragnar Öndarson viðskiptafræðing, Stefáníu Magnúsdóttur stjórnarmann í VR sem setið hafði í varastjórn fyrir hönd félagsins, Ástu Rut Jónasdóttur stjórnarmann í VR og Benedikt Vilhjálmsson stjórnarmann í VR sem sat í stjórn sjóðsins. Þá tilnefndi stjórn nýja varamenn, Óskar Kristjánsson og Jóhönnu S. Rúnarsdóttur, stjórnarmenn í VR.

Félagsmál

Jólaaðstoð 2009

Stjórn VR samþykkti í desember 2009 að styrkja Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða kross Íslands um alls fimm milljónir króna yfir jólahátíðina. Auk þess fengu skrifstofur VR á Egilstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum 400 þúsund krónur hver til að styrkja hjálparamtök á þeirra svæði.

Mannfagnaðir

Um 500 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti VR á uppstigningardag. Þá sátu um 1.000 manns 1. maí kaffi VR.

Siðareglur

Vorið 2009 mótaði málefnaþópur skipaður félagsmönnum og stjórnarmönnum drög að siðareglum og reglum um setu fulltrúa VR í stjórnnum félaga og fyrirtækja sem VR á aðkomu að. Drögin voru samþykkt í stjórn VR í apríl 2010 og verða kynnt á aðalfundi félagsins. Reglurnar eru birtar á heimasíðu VR www.vr.is.

VR á Egilsstöðum flytur

Skrifstofa VR á Egilsstöðum flutti í nýtt húsnæði á árinu. Í tilefni af því ákvað stjórn VR að veita Alzheimerdeild Sjúkrahússins á Seyðisfirði sem og Hreiðrinu, fæðingardeild Sjúkrahússins á Norðfirði, styrk.

Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals
1997	9.540	5.441	14.981
1998	10.361	6.023	16.384
1999	11.286	6.602	17.888
2000	12.026	7.138	19.164
2001	12.601	7.470	20.071
2002	12.747	7.605	20.352
2003	12.964	8.023	20.987
2004	13.511	8.695	22.206
2005	13.871	9.351	23.222
2006	15.465	10.584	26.049
2007	16.014	11.423	27.437
2008	16.802	11.974	28.776
2009	16.491	11.574	28.065

Aðild VR að stofnunum

VR á beina aðild að eftirtöldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands

Eir. hjúkrunar- og umönnunarheimili

Fjölmíðlasambandið

Landssamband ísl. verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Verzlunarskóli Íslands

Félagsgjald

Á aðalfundi 2. apríl 2009 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7%. Þá var samþykkt breyting á skilgreiningu á lágmarksfélagsgjaldi sem skal nú ekki vera lægra en sem svarar til 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks, eins og þau eru á hverjum tíma.

Útgáfu- og kynningarmál

Að meðaltali heimsóttu 19 þúsund manns www.vr.is í hverjum mánuði á árinu 2009. **VR blaðið** kom út 6 sinnum á árinu. Upplag hvers tölublaðs var að meðaltali rúmlega 25 þúsund eintök.

Starfsemi þjónustuvers

Fulltrúar þjónustuvers svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á síðasta ári sneru að varasjóði. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri í Reykjavík árið 2009 var 19.344 eða 1.612 á mánuði að meðaltali. Þetta er 28% aukning frá árinu 2008 þegar heildarfjöldinn var 15.043. Heildarfjöldi símtala sem barst til félagsins á árinu 2009 var 73.058 eða tæplega 6.100 símtöl á mánuði að meðaltali. Símtölum fækkaði um 5% á milli ára. Um 70 % af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað af fulltrúum þjónustuvers. Þjónustuver VR er starfrækt á Akranesi, í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Stöðugildi í árslok 2009 voru 9.

Skipulag skrifstofu

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í kjarasvið, rekstrar- og fjármálasvið, samskipta- og þróunarsvið, upplýsingatæknisvið og þjónustusvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess.

Starfsmenn

Í byrjun mars 2010 voru 46 fastráðnir starfsmenn starfandi hjá félaginu, þ.m.t. tveir í launalausum leyfi, í 41 stöðugildi. Ráðnir voru 3 sumarstarfsmenn á skrifstofur félagsins, Særún Gestsdóttir, Þorsteinn Skúli Sveinsson og Viðar Ingason. Á árinu 2009 urðu formannsskipti hjá VR þar sem Gunnar Páll Pálsson lét af störfum og við tók Kristinn Örn Jóhannesson. Magnea Davíðsdóttir á rekstrar- og fjármálasviði og Anna J. Sævarsdóttir á kjarasviði fóru í launalaust leyfi til allt að eins árs og var Guðrún Birna Guðmundsdóttir ráðin í hlutastarf til afleysinga fyrir Magneu. Í lok árs var María V. Jónsdóttir ráðin til starfa á kjarasviði og Herdís Magnúsdóttir á rekstrar- og fjármálasviði.

Almennar upplýsingar

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2010

Kristinn Örn Jóhannesson Formaður

Kjarasvið

Elías G. Magnússon	Forstöðumaður
Anna J. Sævarsdóttir	Kjaramál – launalaust leyfi
Bryndís Guðnadóttir	Kjaramál
Guðrún Erlingsdóttir	Kjaramál - Vestmannaeyjar
